



2. TBL. 2010 - VERÐ 949,- M/VSK - ISSN 1017-3544

FRJÁLS VERSLUN



EFNAHAGSLÍFIÐ:

Í EJÖTRUM



5 690310 023124

Kristín Pétursdóttir, forstjóri Auðar Capital

Nýsköpun er lykilatriði

Á Iðninginu lagði Kristín Pétursdóttir, forstjóri Auðar Capital, áherslu á það í máli sínu að fjölbreytt atvinnulíf væri mikilvægt framlag til aukins stöðugleika í efnahagslífinu. Mjög mikla áherslu þurfi að leggja á nýsköpun og fjölbreytni í atvinnulífinu en þar sé verk að vinna:

„Jarðvegurinn er frjór en það verður að sá fræjum til að upp-skera. Þessi fræ eru fyrst og fremst fjármagn og sem stendur eru mjög miklar takmarkanir á aðgengi að fjármagni. Úr því verður að bæta. Við eigum alla möguleika á því þar sem þetta fé er til en liggur dautt í kerfinu og nýtist ekki til fjárfestinga og nýsköpunar,“ sagði Kristín. Í máli hennar kom fram sú skoðun að í framtíðinni verði að beina sjónum að því að skapa áþreifanleg verðmæti fremur en pappírshagnað og mikilvægt sé að byggja upp á grundvelli góðs viðskiptasiðferðis og stjórnunarháttá:

„Nú er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að styðja við vaxandi fyrirtæki og breikka skattstofnana okkar.“

Kristín sagði í ræðu sinni að Ísland hefði alla möguleika til þess að byggja upp hagvöxt á nýjan leik. Þjóðin sé rík af náttúru-audlindum og ekki síður mannaud en fjármögnun til nýsköpunar sé hins vegar af mjög skornum skammti.

Kristín minnti á að Íslendingar hafi verið með nánast öll eggin í sömu körfunni þegar þeir byggðu upp gríðarlega öflugan fjármálageira og veðjuðu öllu á hann. Síðan hrundi geirinn enda höfðu drifkraftar síðustu ára einkennst af mikilli skammtímahugsun, einhæfni og því að veðja öll á eina lausn. Áherslan var á skjótfenginn gróða, fjárfestar voru mjög óþolinmóðir og höfðu ofurtrú á

mátt stærðarinnar: „Mér er til efs að þetta hafi skilað verðmætum eða öðru en skeytingarleysi við samfélag og umhverfi. Við verðum að hugsa dæmið upp á nýtt. Marka okkur skýra framtíðarsýn með langtímahugsun og fjölbreytni að leiðarljósi. Áhersluna skyldi leggja á siðferðið og góða stjórnarhætti.“

Kristín segir nýsköpun nauðsynlega til þess að bæta lífskjör á Íslandi. Það þurfi að styðja fyrirtæki sem eiga möguleika á að vaxa. Við eigum jú mjög mikinn og góðan mannaud, tæknistíg er hátt og við höfum náð miklum árangri í vísindum. Aftur á móti eru veikleikarnir miklir og snúa fyrst og fremst að aðgengi fjármagns. Það er vandasamt verk að velja og veðja á réttu hestana. Mikið af áhugaverðum hugmyndum og sprotum í gangi en það sem skiptir mestu máli er að veðja á þá sem eru ekki bara með eldmóðinn heldur einnig langtímahugsun; til að komast alla leið í mark. Þjóðin á fullt af frumkvöðlum með áratuga reynslu og Kristín telur gríðarlega mikilvægt að nýta þá reynslu þegar farið er í fjárfestingar. Einnig leggur hún mikla áherslu á að fjárfestar komi með meira en bara fjármagn að borðinu; þeir ættu að miðla reynslu og jafnvel aðgengi að erlendum fjárfestum. Aðstoða og vinna með frumkvöðlinum á löngum tíma svo fyrirtækið komist á legg og verði arðsöm fjárfesting. Að lokum sagði Kristín: „Frumkvöðlar taka áhættu og fara á eftir tækifærum sem aðrir sjá ekki, tækifæri sem aðrir sjá sem vandamál eða jafnvel ógn. Nýsköpun er nátengd þekkingu, skipandi hugsun og sveigjanleika. Fjárfesting í nýsköpun er lykilatriði til að auka samkeppnishæfni fyrirtækja, atvinnugreina og þjóða.“



Kristín Pétursdóttir, forstjóri Auðar Capital.